



Spurningar hjá FIT

8. maí 2014

Spurning 1

- Geta lífeyrissjóðirnir haldið áfram að lofa réttindum út lífaldur sjóðsfélaga ef iðgjaldið í þá helst óbreytt en lífaldur sjóðsfélaga heldur áfram að aukast?
- Svar:Erfitt verður að halda óbreyttum réttindum ef þróun lífaldurs verður með hliðstæðum hætti og hún hefur verið síðustu ár. Svárið við spurningunni veltur þess vegna á því hver ávöxtun eigna sjóðsins verður næstu áratugina. Ef lífaldur hækkar þá þarf raunávöxtun sjóðsins að vera hærri en 3,5% til þess að sjóðurinn geti staðið undir þeim réttindum sem réttindatöflurnar segja til um. Rætt er um að raunávöxtun í framtíðinni þurfi að vera um 4% svo hægt verði að mæta þeirri aukningu sem vænta má á lífslíkum í framtíðinni. Grunnhugsunin er samt alltaf sú að við hækkun á lífslíkum þá dreifist sjóðurinn á fleiri ár. Því er ekki um eiginlega skerðingu að ræða.

Spurning 2

- Verða almennu lífeyrissjóðirnir færir um að hækka lágmarkstryggingarverndina úr 56% af meðaltekjum sjóðfélaga eftir 40 ára inngreiðslu þegar búið er að hækka iðgjaldið í sjóðina í 15,5% ? Ef svo, þá hversu mikið?
- Svar: Að því gefnu að ávöxtun verði að meðaltali 3,5% og lífslíkur haldist óbreyttar auk þess að aðrir þættir haldist óbreyttir líkt og örorkulíkur má vænta þess að lífeyrir gæti farið úr 56% af meðallaunum í um 76%. Í nefnd sem vinnur að endurskoðun lífeyrissjóðalaganna er gert ráð fyrir að lágmarkstryggingarverndin verði hækkuð úr 56% af meðallaunum í 76% m.v. 40 ára inngreiðslutíma samhliða hækkun iðgjalds til sjóðanna í 15,5%. Miðað yrði við að rétthöfum væru tryggð 65% af launum við starfslok. Til að slíkt kerfi nái fram að ganga yrði nauðsynlegt að hækka eftirlaunaaldurinn á næstu áratugum.

Spurning 3

- Er ekki mikilvægt að komið verði á jöfnuði milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðanna, þó sjóðnum beri ekki lagaleg skylda til þess, áður en almennur lífeyristökualdur yrði hækkaður?
- Svar: Þetta er spurning sem tryggingastærðfræðingur þarf að segja til um, því hér skiptir máli hvernig lífslíkur hafa verið að þróast eftir aldursskeiðum. Hins vegar er æskilegt að tryggingafræðilega staðan sé sem næst núlli, þ.e. að jöfnuður sé milli eigna og skuldbindinga, til þess að skapa jafnvægi og sátt á milli þeirra sem eru komnir á lífeyri og annarra sjóðfélaga.

Spurning 4

- Eru lífeyrissjóðirnir orðnir áhættusæknari í fjárfestingum sínum vegna þeirra gjaldeyrishafta sem þeir búa við á Íslandi?
- Svar: Segja má að lífeyrissjóðirnir séu mun meðvitaðri í dag um áhættu og samspil ólíkra áhættuþátta en þeir voru fyrir nokkrum árum. Meginatriðið í fjárfestingum lífeyrissjóða er að vega saman ávöxtun og áhættu. Undanfarin ár hafa lífeyrissjóðirnir verið að byggja upp áhættustýringu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli FME. En eftir því sem gjaldeyrishöftin vara lengur þá aukast líkur á eignabólu, m.t.t. þess að íslenskur fjármagnsmarkaður er lokaður og samkeppni takmörkuð. Því verður að horfa til þess að lífeyrissjóðir kaupi ekki eignir sem metnar eru of hátt. Út frá því sjónarhorni er mikilvægt að höftunum verð aflétt. Einnig er áhætta fólgin í því að lífeyrissjóðirnir hafi of hátt hlutfall eigna á einum markaði þ.e. þeim íslenska. Út frá áhættudreifingu væri mun æskilegra að hætta hlutfall af eignum lífeyrissjóðanna væri í erlendum eignum en er í dag.

Spurning 5

- Heldur 3,5% ávöxtunarviðmið lífeyrissjóðanna uppi háum vöxtum á Íslandi ?
- Svar: Það er erfitt að segja en lífeyrissjóðirnir hafa verið að kaupa skuldabréfa undanfarin ár á mun lægri kröfu en 3,5%. Þegar 3,5% krafan er höfð í huga þá er mikilvægt að horfa til alls safnsins því bréf sem keypt eru á lágri ávöxtunarkröfu fela í sér minni áhættu. Síðan eru aðrir eignaflokkar sem munu í framtíðinni gefa hærri ávöxtun en sveiflast mun meira í verði eins og t.a.m hlutabréf. Þegar þessir eignaflokkar eru vegnir saman þá er vænt ávöxtun af þeim hærri en 3,5%. Það sem heldur vöxtum háum er að öllum líkindum dýrt bankakerfi. Vaxtamunur á Íslandi er um 3% meðan hann er innan við 1% í nágrannalöndum.

Spurning 6

- Hvernig er hægt að bæta sjóðfélögum þær skerðingar sem hafa orðið eftir bankahrún ?
- Svar: Mikilvægt er að hafa í huga þær réttindabreytingar sem hafa orðið undanfarin ár í tryggingadeild. Árið 1997 voru réttindi hækkuð um 7% og aftur 7% árið 2000. Réttindi voru lækkuð um 3,3% árið 2004. Fram að árinu 2009 varið búið að hækka réttindi um tæp 11% frá árinu 1997. Eftir árið 2008 hafa réttindi verið lækkuð um 17%. Heildarlækkun réttinda frá árinu 1997 hefur því verið um 6%. Hvort og hvenær sú lækkun gengur til baka fer eftir ávöxtun eigna og þróun á tryggingafræðilegum þáttum líkt og lífslíkum.

Spurning 7

- Eftirlitið kostar sjóðinn rúma 1. millj. á mánuði.
- Svar: Eftirlitið kostar sjóðinn rúma 1. millj. á mánuði.

Spurning 8

- Er réttlætanlegt að nota fjármuni lífeyrissjóðanna til atvinnuuppbyggingar?
- Svar: Já, ef vænt ávöxtun er ásættanleg að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem fjárfestingin ber með sér. Lífeyrissjóðir hafa hag af öflugu atvinnulífi og því mikilvægt að lífeyrissjóðir styðji við það. Hagvöxtur er drifkraftur ávöxtunar á verðbréfamarkaði og tryggja iðgjaldagreiðslu.

Spurning 9

- Hver er munurinn á lífeyrisréttindum hjá almennu lífeyrissjóðunum og opinberu lífeyrissjóðunum.
- Svar: Réttindi í lífeyrissjóðum opinberra aðila eru skilgreind sem *föst réttindi* með ábyrgð launagreiðanda, þ.e. sá halli sem myndast skuldbindingum er á ábyrgð atvinnurekenda sem greiða í sjóðinn. Ef eignir standa ekki undir skuldbindingum ber að hækka iðgjaldið. Réttindi í almennu lífeyrissjóðunum eru skilgreind út frá *föstu* iðgjaldi án bakábyrgðar launagreiðenda og því þarf að breyta réttindum til að jafnvægi sé á milli eigna og skuldbindinga á hverjum tíma.

Spurning 10

- Allar launagreiðslur sjóðfélaga eru án tengingar við vísitölu. Af hverju fylgja hækkanir lífeyris ekki almennum launahækkunum? Hverju mundi það breyta fyrir afkomu sjóðanna að breyta því?
- Svar: Markmiðið með verðtryggingu iðgjalda er að þau séu jafn mikils virði sem útgreiddur lífeyrir og þau voru þegar þau voru greidd til sjóðsins í upphafi. Til þess að geta greitt verðtryggðan lífeyri þá þurfa lífeyrissjóðir að fjárfesta hluta eigna sinna í verðtryggðum eignum. Lífeyrissjóðir geta ekki keypt verðbréf sem tengd eru breytingum á launum. Ef miðað yrði við launabreytingar myndi 3,5% ávöxtunarviðmið ekki duga til að hægt væri að standa undir lífeyrisloforðinu. Markmiðið er að lífeyrisgreiðslur haldi verðgildi sínu í takt við breytingu á verðlagi.

Spurning 11

- Ef tekst að ljúka samningum um hækkun á greiðslum til lífeyris á almennum markaði, er ætlunin að hluti þeirrar hækkunar renni í séreignasjóð?
- Svar: Slíkt er samkomulagsatriði milli aðila vinnumarkaðarins. Tillögur um skiptingu milli samtryggingar og séreignar liggja ekki fyrir en rætt hefur verið um að hluti hækkunar færi í bundna séreign. Bundin séreign myndi hlíta hliðstæðum reglum og gilda um útgreiðslur úr samtryggingu en myndu erfast og auka sveigjanleika við lífeyristöku.

Spurning 12

- Fyrir nokkrum árum var samið um 2% hækkun á greiðslum í lífeyrissjóði. Hvað fór stórt hlutfall af þeim til leiðréttingar á rekstri og hverju breytti það um lágmarkstryggingavernd sjóðfélaga?
- Svar: Fyrst um sinn fór annað prósentíð í að mæta auknum lífslíkum en hitt prósentíð fór til beinnar réttindahækkunar. Síðar var það prósent sem gekk til réttindahækkunar notað til að mæta frekari hækkunum á lífaldri.